



Reykjavík, 5. desember .2023  
FAS23010016

Borgarráð

## Viðauki við fjárhagsáætlun 2023

### 1. Greiðslur vegna rekstrarsamninga

Lagt er til að fjárheimildir menningar- og íþróttasviðs hækki um 76.008 þ.kr. vegna greiðslna til íþróttafélaga vegna reksturs íþróttahúsa. Kostnaðaraukinn verður fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.	Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205 Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -76.008
MÍR	xxx Rekstarsamningar við íþróttafélög	Til 76.008
		<b>Samtals 0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárlæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

### Greinargerð:

Samningar Reykjavíkurborgar við íþróttafélög um rekstur íþróttahúsa felur í sér að borgin greiðir félögum styrk sem á að dekka rekstur húsnæðis í eigu borgarinnar, húsaleigustyrkur til félaga í eigin húsnæði, íþróttafulltrúa, framlag vegna skrifstofufjónustu, baðverðir í búningsklefa og sumarstarf hvort sem er í gegnum ÍBR eða MÍR. Síðustu ár hafa fjárheimildir vegna þessara samninga hækkað minna en samningar gera ráð fyrir og er svo komið að félögin eru farin að fjármagna stærri hluta kostnaðar með eigin framlögum.

Rekstrargrundvöllur félaganna er misjafn og hafa mörg þeirra óskað eftir viðræðum um framtíðarskipulag og hvort borgin eigi að taka við rekstrinum sem ekki stendur undir sér. Í forsendum fjárhagsáætlunar 2023 var gert ráð fyrir að fjárheimildir vegna skuldbindinga við þriðja aðila hækkuðu um 4,9% vegna væntrar hækkunar á vísitölu neysluverðs og 5,5% vegna hækkunar launa. Nú stendur hækkun á vísitölu neysluverðs hinsvegar í 8% og launavísitala hefur hækkað í 10,8%. Flestir samningar eru verðbættir 50% vísitölu neysluverðs og 50% launavísitolu. Má bæta við að starfsmenn íþróttamannvirkja eru flestir í þeim launaflokkum sem hækkað hafa umfram meðaltalshækkanir. Ef gert er ráð fyrir að verðbólga sé óbreytt út árið þá þyrfti að hækka fjárheimildir um rúmar 76 m.kr. til að hægt væri að standa við skuldbindingar við íþróttafélögin um rekstur á íþróttahúsum. Félögin hafa gert ráð fyrir þessu framlagi borgarinnar og geta ekki staðið undir rekstri nema rekstrarstyrkur borgarinnar komi að fullu.



## 2. Samningar við þriðja aðila

Lagt er til að fjárhheimildir menningar- og íþróttasviðs hækki um 130.000 þ.kr. vegna samninga við þriðja aðila. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.	Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205 Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -130.000
MÍR	xxx Samningar við þriðja aðila	Til 130.000
		<b>Samtals 0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárfleði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimum.

### Greinargerð:

Samningar við þriðja aðila, Leikfélag Reykjavíkur, Harpan, Egilshöll, Fimleikahús Seltjarnarnesi og KSÍ hafa hækkað sökum verðbólgu/launavísitölu um 130.000 þ.kr.

## 3. Notkun frístundakorts umfram heimildir

Lagt er til að fjárhheimildir menningar- og íþróttasviðs hækki um 61.000 þ.kr. vegna notkunar á frístundakorti umfram heimilda. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.	Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205 Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -61.000
MÍR	xxx Aukin notkun á frístundakorti	Til 61.000
		<b>Samtals 0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárfleði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimum.

### Greinargerð:

Nýting á frístundakorti umfram því sem áætlað var skýrir umframkostnað, en notkun frístundastyrks er kominn upp í 75% nýtingu. Hægt er að nýta styrkinn til 31. desember og því er óskað eftir að fjármála- og áhættustýringarsvið fái heimild til að aðlaga þessa upphæð að þeirri fjárhæð sem hún endar í lok árs.

## 4. Hækkun orkukostnaðar

Lagt er til að fjárhheimildir menningar- og íþróttasviðs hækki um 46.000 þ.kr. vegna hækkunar á orkukostnaði. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.	Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205 Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -46.000
MÍR	xxx Hækkun á orkukostnaði	Til 46.000
		<b>Samtals 0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárfleði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimum.



**Greinargerð:**

Orkukostnaður hefur ekki verið bættur sem gerir það að verkum að það hallar verulega á starfsemi sem er orkufrek og erfitt að skera niður nema loka starfsemi. Gervigrasvellir voru 46.000 þ.kr. umfram fjárheimildir vegna orkukostnaðar.

## 5. Flutningur á listaverki

Lagt er til að fjárheimildir menningar- og íþróttasviðs hækki um 2.000 þ.kr. vegna flutnings á listaverki. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.	Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205 Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -2.000
MÍR	xxx Listasafn Reykjavíkur	Til 2.000
		<b>Samtals 0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárfleði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

**Greinargerð:**

Vísað til samþykktar borgarráðs frá 23. nóvember 2023 liður 4, mál MSS23110034, flutningur á minnismerki. Tillagan byggir á því að samþykkt sé að taka niður minnismerki og því verði fundinn staður í listaverkageymslum Listasafns Reykjavíkur.

## 6. Pólski skólinn og Móðurmál, samtök um tvítyngi

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um 20.160 þ.kr. vegna samnings við Pólska skólann og Móðurmál, samtök um tvítyngi um móðurmálskennslu. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.	Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205 Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -20.160
SFS	xxx Samningar vegna móðurmálskennslu	Til 20.160
		<b>Samtals 0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárfleði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og ekki er talið þörf á jafnréttismati.

**Greinargerð:**

Skv. minnisblaði dagsettu 22. september var það tillaga sviðstjóra SFS að gerður yrði samningur við Móðurmál – samtök um tvítyngi og Vinasamtök pólska skólans vegna pólska skólans um móðurmálskennslu. Tillagan byggði á samþykkt borgarráðs frá 8. júní 2023 þar sem SFS var falið að fara í viðræður við Móðurmál – samtök um tvítyngi og Pólska skólann (Vinasamtök Pólska skólans er rekstraraðili).

Á fundi borgarráðs 19. október 2023 var lögð fram tillaga borgarstjóra dagsett 17. október 2023 þar sem lagt er til að borgarráð samþykkti drög að samningum við Móðurmál – samtök um tvítyngi og Vinasamtök pólska skólans vegna pólska skólans um móðurmálskennslu með tilvísun í minnisblað sviðstjóra SFS. Samningurinn gerði ráð fyrir að Reykjavíkurborg greiði



gjöld barna með lögheimili í Reykjavík vegna náms sem þau stunda nám hjá a) Samtökunum móðurmál kr. 20.000 kr. pr. nemanda fyrir skólaárið 2023-2024, að hámarki vegna 350 nemenda, hámarksfjárhæð kr. 7.000.000.- b) í Pólska skólanum 100.000 kr. pr. nemanda fyrir skólaárið 2023-2024, að hámarki 180 nemendur, hámarksfjárhæð kr. 18.000.000.- Um er að ræða börn á aldrinum þriggja ára til sextán ára. Heildargreiðsla skóla- og frístundasviðs fyrir skólaárið 2023 til 2024 verður að hámarki 25 milljónir. Á fjárhagsárinu 2023 er hámarks kostnaður 25 milljónir króna.

## 7. Auknar fjárheimildir fyrir grunnskóla vegna fjölgunar nemenda sem þurfa sértækan stuðning

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um 253.000 þ.kr. vegna fjölgunar nemenda sem þurfa sértækan stuðning. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -253.000
SFS	xxx	Fjölgun nemenda með sértækan stuðning	Til 253.000
		<b>Samtals</b>	<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárlæði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

### *Greinargerð:*

Tillagan felur í sér að 401 barn í grunnskólum í Reykjavík fái sértækan stuðning og er það aukning um 82 börn frá áætlun 2023. Þrír megin þættir skýra aukna þörf fyrir sértækan stuðning. Í fyrsta lagi hefur yfirfall úr Klettaskóla valdið aukinni þjónustuþyngd inn í almennum grunnskólum. Í öðru lagi hafa biðlistar inn í sérdeildir t.d. vegna barna með einhverfu lengst og valda aukinni stuðningsþörf vegna námsörðugleika. Í þriðja lagi hefur orðið veruleg aukning barna með sérþarfir sem koma sem flóttamenn frá stríðhrjáðum ríkjum og löndum sem ákveðið var að veita hæli hér á landi.

## 8. Sjálfstætt starfandi grunnskólar – breyting á barnafjölda og kostnaði

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um 13.188 þ.kr. breytinga á viðmiðunarverði og fjölda barna í sjálfstætt starfandi grunnskólum. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsmannakostnaður	Frá -13.188
SFS	xxx	Sjálfstætt starfandi grunnskólar	Til 13.188
		<b>Samtals</b>	<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárlæði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

### *Greinargerð:*

Barnafjöldi í sjálfstætt starfandi grunnskólum getur hreyfst milli mánaða auk þess sem að mánaðarleg gjaldskrá tekur breytingum til samræmis við útreikninga Hagstofu. Hér er verið



að uppreikna og aðlaga fjárhagsáætlun að þeim breytingum. Fjöldi nemenda var í upphaflegri áætlun 751 nemandi en eru nú að hausti um 757 og er því lítil breyting á fjölda nemenda.

## 9. Reykvísk börn í grunnskólum utan borgarinnar

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um 8.570 þ.kr. vegna fjölgunar barna í Alþjóðaskólanum. Kostnaðaraaukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.	Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205 Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -8.570
SFS	xxx Börn í grunnskólum utan borgarinnar	Til 8.570
		<b>Samtals 0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárlæði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

### *Greinargerð:*

Haustið 2023 hefur orðið fjölgun á börnum í Alþjóðaskólanum í Garðabæ um 10 börn og er fjöldi þeirra nú 30 sem er hámark samnings. Fjölgun barna kemur m.a. til vegna þess að skólinn hefur tekið í notkun stærra húsnæði og hefur því getað boðið fleiri börnum vistun. Þessi fjölgun um 10, sem er þó innan samning kemur til með að kosta um 8.570 þ.kr. haustið 2023.

## 10. Sjálfstætt starfandi leikskólar, breyting á barnafjölda og áhrif kjarasamninga

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um 289.862 þ.kr. vegna fjölgunar barna og áhrifa kjarasamninga. Kostnaðaraaukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.	Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205 Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -289.862
SFS	xxx Sjálfstætt starfandi leikskólar	Til 289.862
		<b>Samtals 0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárlæði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

### *Greinargerð:*

Áætlun fyrir sjálfstætt starfandi leikskóla 2023 miðaðist við 1.144 börn sem var nokkuð færri börn en hafði verið á árinu 2022. Í ársbyrjun 2023 fór börnum að fjölga í SSL þar sem betur gekk að ráð starfsfólk til starfa ásamt því að lagt var að skólunum að taka inn fleiri börn þar sem mikill skortur væri á vistunarplássum. Þessi fjölgun hefur valdi halla hjá SFS. Á árinu voru gerðir nýir kjarasamningar sem höfðu áhrif á vistunarframlag til skólanna, ekki hefur komið viðauki vegna hækkunar til SFS og hefur því aukið halla. Í október 2023 var greitt með 1.184 og er miðað við að greitt verði með svipuðum fjölda í nóvember og desember.

Áætlað er að útgjöld verði um 3.503.532 þ.kr. á árinu, miðað við fjárheimildir 3.213.670 þ.kr. þá er vontun í fjárheimildir 289.862 þ.kr.



## 11. Arnarskóli – fjölgun nemenda

Lagt er til að fjárhheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um 35.915 þ.kr. vegna fjölgunar nemenda úr tólf í fjörtán. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -35.915
SFS	xxx	Arnarskóli - fjölgun nemenda	Til 35.915
			<b>Samtals 0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárlæði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

### Greinargerð:

Gjöld til Arnarskóla taka mið af breytingu á vísítölum auk þess sem að börnum hefur fjölgat um tvö á haustmánuðum, annað vegna flutnings á milli sveitarfélaga. Fjárhheimildir 2023 eru kr. 220.440 þ.kr. en fara í kr. 258.355 þ.kr.

## 12. Breytingar á sorphirðu

Lagt er til að fjárhheimildir umhverfis- og skipulagssviðs hækki um 150.000 þ.kr. vegna breytinga á sorphirðu. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður með auknum tekjum frá Úrvinnslusjóði.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
SKATT	xxx	Tekjur frá Úrvinnslusjóði	Frá -150.000
USK	xxx	Sorphirða	Til 150.000
			<b>Samtals 0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárlæði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

### Greinargerð:

Búið er að innleiða nýtt hirðukerfi hjá Reykjavíkurborg sem hófst í maí 2023 og lauk í september 2023. Breytingin hefur í för með sér að nú þarf að hirða fjóra úrgangsflokka við hvert heimili í Reykjavík og aukast hirðuígildi (samsvarar 240L tunnu sem losuð er aðra hverja viku) um u.þ.b. 35% í borginni. Því hefur þurft að fjölgja verkamönnum og bílstjórum og er gert ráð fyrir að launakostnaður hækki um 120 m.kr. á árinu 2023. Keyptir hafa verið 4 nýir sorpbílar og er kostnaður vegna þeirra áætlaður um 37 m.kr. Kaup á pappírspokum og körfum um lífrænan úrgang sem dreift hefur verið til íbúa er áætlaður um 190 m.kr. Á móti þessum kostnaði kom endurgreiðsla frá Sorpu vegna uppgjörs endurvinnslustöðva fyrir árið 2022 upp á 204 m.kr. og tekjur frá Úrvinnslusjóði vegna greiðslna til sveitarfélaga fyrir söfnun á pappír og plast og eru tekjur vegna þessa áætlaðar 150 m.kr.

## 13. Launabreytingar borgarstjórnar

Lagt er til að fjárhheimildir skrifstofu borgarstjórnar hækki um 65.000 þ.kr. vegna kjarabreytinga og annarra launatengdra breytinga. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður.



Svið	Kostn.st.	Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126 Launa- og starfsmannakostnaður	Frá -65.000
SBB	xxx Launabreytingar borgarstjórnar	Til 65.000
		<b>Samtals 0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárfleði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimum.

#### **Greinargerð:**

Laun borgarfulltrúa hækkuðu 1. janúar 2023 og 1. júlí um 2,5% og millifæra þarf heimild sem geymd var miðlægt til að mæta þeim kostnaði. Einnig hafa orðið breytingar á launaútgjöldum vegna breytinga á varamönum, samsetningu á launum og veikinda.

#### **14. Breytingar á verktakakostnaði**

Lagt er til að fjárheimildir borgarstjóra og borgarritara hækki um 25.500 þ.kr. vegna verktakasamninga. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.	Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205 Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -25.500
SBB	09204 Sérstakar athuganir og úttektir	Til 25.500
		<b>Samtals 0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárfleði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimum.

#### **Greinargerð:**

Breytingar á fjárheimildum innan kostnaðarstað 09204 – sérstakar athuganir og úttektir koma til vegna samninga sem gerðir voru vegna stefnumótunarvinnu í málefnum barna á aldrinum 0-6 ára, greiningarvinnu og vegna verkefna sem tengjast samgöngusáttmálum, reksturs almenningssamgangna og samningsviðræðna við SSSK.

#### **15. Slysabætur**

Lagt er til að fjárheimildir starfsmannakostnaðar, slysabætur, hækki um 123.258 þ.kr. vegna frávika frá áætlun vegna greiðslu slysabóta. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.	Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205 Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -123.258
ÖNN	09102 Slysabætur	Til 123.258
		<b>Samtals 0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárfleði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimum.



**Greinargerð:**

Helsta skýring á fráviki frá áætlun á kostnaðarstað 09102 fyrstu fimm mánuði ársins er greiðsla skaðabóta til starfsmanna sem hafa orðið fyrir líkamlegu tjóni í starfi sínu af völdum gerða einstaklinga sem að takmörkuðu eða engu leyti geti borið ábyrgð á athöfnum sínum. Um er að ræða skaðabótamál sem reist eru á ákvæði 8.5.1, en ákvæðið er að finna í allflestum ef ekki öllum gildandi kjarasamningnum sem Reykjavíkurborg á aðild að. Frá byrjun þessa árs til loka maí mánaðar hafa alls fjögur skaðabótauppgjör farið fram á grundvelli þessa kjarasamningsákvæðis.

**16. Ráðningar- og mannauðsmál í leikskólum**

Lagt er til að fjárhheimildir skóla- og frístundasviðs og mannauðs- og starfsþróunarsviðs hækki um 16.403 þ.kr. vegna aukins stuðnings við ráðningar- og mannauðsmál í leikskólum. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.	Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205 Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -16.403
MOS	xxx Leikskólar - stuðningur við ráðningar	Til 8.600
SFS	xxx Launakostnaður mannauðsfulltrúa	Til 7.803
<b>Samtals</b>		<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárlæði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun

**Greinargerð:**

Vísað til samþykktar borgarráðs frá 13. júní 2023 liður 12, mál MSS23060087, tillögur vegna ráðninga í leikskóla Reykjavíkurborgar - tillögur að næstu skrefum í tengslum við að manna leikskóla og leikskóladeildir.

**17. Nýtt starfsumsóknarkerfi**

Lagt er til að fjárhheimildir sameiginlegs kostnaðar, rekstur miðlægs ráðningarkerfis hækki um 19.085 þ.kr. vegna nýs ráðningar- og umsóknarkerfi. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.	Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205 Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -19.085
ÖNN	01367 Rekstur miðlægs ráðningarkerfis	Til 19.085
<b>Samtals</b>		<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárlæði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

**Greinargerð:**

Fjárfestingarsjóður PON samþykkti í október 2021 umsókn MOS um að fara í útboð á nýju umsóknarkerfi. Fjárfestingarsjóðurinn greiðir innleiðingar- og samþættingarkostnað. Mannauðs- og starfsumhverfissvið mun verða eigandi kerfisins og greiða rekstrarkostnað þegar kerfið hefur verið innleitt. Um er að ræða miðlægt kerfi sem nýtist öllum stjórnendum



Reykjavíkurborgar og mikilvægt að Reykjavíkurborg hafi eitt miðlægt umsóknarkerfi til að tryggja að allar starfsumsóknir borgarinnar fari í gegnum kerfið. Sambærilegt og rekstur launakerfis er miðlægt greiddur er mikilvægt að rekstarkostnaður vegna kerfisins sé greiddur miðlægt.

### 18. Innri leiga fasteigna, áhalda og tækja og leiga gatna

Lagt er til að fjárhheimildir fagsviða og miðlægrar stjórnsýslu hækki um 379.524 þ.kr. vegna innri leigu. Á móti verða tekjur Eignaskrifstofu hækkaðar um sömu fjárhæð eða 379.524 þ.kr. Fjárhæð er með fyrirvara um endanlega niðurstöðu innri leigu.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)	
ESR	xxx	Innri leiga - tekjur	Tekjur	-379.524
FAS	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	801
MÍR	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	102.762
ÖNN	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	-5.659
RHS	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	214
SFS	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	140.094
USKRK	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	57.834
VEL	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	43.275
PON	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	25.140
ESR	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	-2.312
USKES	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	17.376
Samtals			0	

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárfleði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimum.

### Greinargerð:

Lagt er til að sviðin fái fjárhheimildir til að mæta þessari hækkun verðlags umfram forsendur fjárhagsáætlunar. Á móti eru tekjur Eignaskrifstofu hækkaðar um sömu fjárhæð og því hefur tillagan ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu né fjárfleði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu.

### 19. Bæting á UTR kostnaði vegna 2023

Lagt er til að fjárhheimildir fagsviða og miðlægrar stjórnsýslu hækki um 45.773 þ.kr. vegna verðlagsbreytinga á gjaldskrá UTR. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.



Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -45.773
FAS	xxx	UTR bæting	Til 1.693
MÍR	xxx	UTR bæting	Til 8.485
MOS	xxx	UTR bæting	Til 271
RHS	xxx	UTR bæting	Til 2.984
VEL	xxx	UTR bæting	Til 20.600
SFS	xxx	UTR bæting	Til 8.791
USK	xxx	UTR bæting	Til 839
ÞON	xxx	UTR bæting	Til 2.111
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárlæði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

**Greinargerð:**

Lagt er til sviðin fái fjárheimildir vegna verðlagsbreytinga í gjaldskrá UTR sem ekki náðist að útfæra við gerð fjárhagsáetlunar ársins. Tillagan felur í sér að einungis er verið að mæta hækkunum vegna verðlagsáhrifa en ekki er gert ráð fyrir að magnbreytingar séu bættar.

Dagur B. Eggertsson

borgarstjóri